

Kennarar valdir til að skoða áfanga, lýsing á aðferð sem fjarnámsstjóri notaði og vísað er í skjalið [Jafningjamat.xls](#):

1. Áföngum skipt í 4 hópa og þess gætt að hafa álíka marga áfanga í hverjum hópi:

Gulir áfangar: Þriðja tungumál og móðurmál.

Rauðir áfangar: Enska, danska og stærðfræði.

Grænir áfangar: Viðskiptagreinar, íþróttir og náttúrufræði.

Bláir áfangar: Félagsfræði, heimspeki, saga, siðfræði, tölvugreinar.

Áföngum innan hvers flokks raðað eftir stafrófsröð.

(Sjá síðu sem heitir Áfangar í Jafningjamat.xls)

2. Kennurum sem kenna áfanga er skipt niður í fjóra hópa í samræmi við skiptingu áfanganna, þannig að kennarar sem kenna gula áfanga fá gulan lit, kennarar sem kenna rauða áfanga fá rauðan lit og svo framvegis. Þrír kennarar, þeir Ármann, Árni og Jón Ingvar lenda í fleiri en einum hópi og þeir eru merktir sérstaklega. Kennurum í hverjum hópi er raðað eftir stafrófsröð.

(Sjá síðu sem heitir Kennarar í Jafningjamat.xls)

3. Gulir áfangar teknir sér og þeim raðað eftir stafrófsröð. Kennarar í rauðum, grænum og bláum flokki stokkaðir saman og þeim raðað eftir stafrófsröð. Kennarar paraðir á áfanga, þannig að kennari sem er fremstur í stafrófsröð er settur á áfanga sem fremstur er í stafrófsröð og svo koll af kolli. Ef kennarar eru fleiri en áfangar, eru teknir út kennarar sem fæstum nemendum kenna.

Þetta er endurtekið fyrir alla hópa áfanga og kennara.

(Sjá síður sem heita Gulir áfangar, Rauðir áfangar, Grænir áfangar og Bláir áfangar í Jafningjamat.xls)

4. Passað er að hver kennari meti að minnsta kosti tvo áfanga og að þeir sem mest kenna í fjarnáminu meti þrjá áfanga.

(Sjá síður sem heita Kennarar-Samantekt og Áfangar-Samantekt í Jafningjamat.xls)

5. Að lokum eru allar upplýsingar teknar saman.

(Sjá síðu sem heitir Jafningjamat í Jafningjamat.xls)